



Landbúnaðarháskóli Íslands
Agricultural University of Iceland

Skipulag & hönnun Skipulagsfræði

Búsetuóskir og val á ferðamáta

Ákvörðun um flutning til þéttbýlisstaða í jaðri
vinnusóknarsvæðis höfuðborgarsvæðisins í tilviki Selfoss

Margrét Þóra Sæmundsdóttir

Leiðbeinendur: Harpa Stefánsdóttir, prófessor í skipulagsfræði við LBHÍ og
Erna Bára Hreinsdóttir, forstöðumaður skipulagsdeildar hjá Vegagerðinni

Meistaraverkefnið er styrkt af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar
Hilton, 7. nóvember 2025



1 Inngangur

• Tengsl búsetuóska og val á ferðamáta


- Orsakir: Hvers vegna fólk velur að flytja frá höfuðborgarsvæðinu til þéttbýlisstaða í jaðri vinnusóknarsvæðisins
- Flutningar úr borg oft tengdir t.d. ódýrara húsnæði, nálægð við náttúru og ferðatíma skv. fyrri rannsóknum frá Norður-Evrópu
- Lítið rannsakað á Íslandi í samhengi við vinnuferðir þeirra sem starfa áfram á höfuðborgarsvæðinu en búa utan þess
- **Markmið:** Að kanna hvaða þættir í búsetuóskum hafa mest áhrif á ákvörðun um flutning til nærliggjandi sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins og hvernig val á ferðamáta til og frá vinnu tengist þeirri ákvörðun
- Tilviksrannsókn með blandaðri aðferðafræði
- Tilvik rannsóknar: Selfoss

Búsetuóskir
(e. residential preferences)

Vísar til væntinga og forgangsroðunar einstaklinga um æskilega búsetu, sem mótast af þörfum, gildum, aðstæðum, raunverulegum valkostum og ytri takmörkunum (Booi og Boterman, 2020; Hasanzadeh o.fl., 2019; Jansen, 2020).

Val á ferðamáta
(e. travel mode choice)

Ákvörðun um hvaða ferðamáti er notaður í daglegum ferðum, sem ræðst af aðgengi, kostnaði, tíma, viðhorfum og vana (Næss o.fl., 2019; Næss o.fl., 2021; Semanjski, 2023).



2 Bakgrunnur


- Áhugi Vegagerðarinnar – kröfur um aukna þjónustu

Tafla 1. Íbúafjölgun á höfuðborgarsvæðinu og í nærliggjandi sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins á síðustu tíu árum, frá 2016 til 2025. Fjölgunin er næst mest í sveitarfélaginu Árborg (Hagstofa Íslands, 2025a).

Svæði	Íbúafjöldi í upphafi árs 2016	Íbúafjöldi í upphafi árs 2025	Fjölgun á 10 árum
Höfuðborgarsvæðið	208.598	248.753	19%
Reykjanesbær	14.942	22.499	51%
Sveitarfélagið Árborg	8.108	12.064	49%
Akraneskaupstaður	6.841	8.285	21%
Grindavíkurbær	3.082	1.246	-60%
Suðurnesjabær	2.959	4.091	38%
Hveragerðisbær	2.422	3.300	36%
Sveitarfélagið Ölfus	1.909	2.757	44%
Sveitarfélagið Vogar	1.133	1.741	54%

- Ýmsar áskoranir

- Þéttingarstefna og vaxtarmörk höfuðborgarsvæðisins ýtir undir brottflottning barnafjölskyldna
- Hröð uppbygging í Árborg og áhersla á fjölskylduvæn sérþýli



Mynd 3. Samanburður á vetrardagsumferð (VDU) á vegköflum Suðurlandsvegar árin 2015-2024 og íbúafjölda á Selfossi í ársbyrjun 2015 til ársloka 2024 (Hagstofa Íslands, 2025b; Vegagerðin, e.d.-b) ásamt áætlaðri umferðarspá yfir Ölfusárbrú (Vegagerðin, 2024a) og íbúaspá aðalskipulags Árborgar 2020-2036 (Sveitarfélagið Árborg, 2022a) til ársins 2040.



3 Búsetuóskir og ferðavenjur

- Staða þekkingar á fræðasviðinu úr erlendum og innlendum rannsóknum frá Norður-Evrópu

Tafla 2. Samantekt á viðmiðum um búsetuóskir og val á ferðamáta samkvæmt fræðilegri umfjöllun, sem verða nánar könnuð á Selfossi og hvernig þau eiga við.

3.1 Efnahagslegir þættir

- Tekjur og menntun
- Atvinnutækifæri
- Fjarvinna
- Fasteignaverð

3.2 Félagslegir þættir

- Aldursskeið
- Fjölskyldusamsetning
- Nálægð við fjölskyldu og vini
- Umönnun barna og annarra fjölskyldumeðlima

3.3 Samgöngur og aðgengi

- Val á ferðamáta
- Aðgengi að þjónustu
- Skortur á öðrum raunhæfum ferðamáta en einkabílnum
- Samgöngubætur
- Ferðatími og umferðartafir

3.4 Búsetugæði


- Húsnæðistegund
- Nærumhverfið

4 Aðferðir og gögn


- Tilviksrannsókn á Selfossi
 - Staðsett innan vinnusóknarsvæðis höfuðborgarsvæðisins
 - Miðstöð verslunar, þjónustu og iðnaðar á Suðurlandi
 - Hröð íbúafjölgun og uppbygging




Mynd 6. Selfoss einkennist af lágreistri byggð. Samsett mynd, myndir teknar með skjáskoti af vefj.á.is 3. apríl 2025 (Já.is, 2022).



Mynd 4. Strætóleið frá Selfossi til höfuðborgarsvæðisins. Dæmi um leið frá N1 á Selfossi í Háskóla Íslands í Reykjavík. Leið nr. 51 frá Selfossi um Hveragerði og Norðlingaholt, skipt í vagn nr. 12 í Mjódd sem fer um Sæbraut á Suðurgötu. Heildarferðatími er 71 mínúta (byggt á leið af vef Strætó, e.d.-b). Gögn: Landmælingar Íslands (e.d.-b), Miðbær Selfossi (e.d.), Reykjavíkurborg (2021a) og Strætó (e.d.-b).



Mynd 7. Ráðgert er að Selfoss stækki til suðurs á skilgreind íbúðarsvæði (fjólublá) samkvæmt þéttbýlisupprætti Selfoss í aðalskipulagi Árborgar 2020-2036. Óbyggð íbúðarsvæði á Selfossi eru syðst í bænum. Höfundur: Sveitarfélagið Árborg (2022c)



Mynd 5. Fjölbreytt þjónusta er á Selfossi, meðal annars fimm leikskólar, þrír grunnskólar, fjölbrautaskóli, stórar matvöruverslanir, tónlistarskóli, íþróttahöll, sundhöll og útivistarsvæði. Strætóstoppið stöðvar landsbyggðarstrætó eru merktar inn á kortið. Gögn: J.á.ís. (e.d.), Landmælingar Íslands (e.d.), Miðbær Selfossi (e.d.), Strætó (e.d.-b) og Sveitarfélagið Árborg (e.d.-a, e.d.-b, e.d.-c).

4 Aðferðir og gögn


- Rannsóknarspurning: **Að hvaða marki hafa búsetuóskir áhrif á flutninga til þéttbýlisstaða í jaðri vinnusóknarsvæðis höfuðborgarsvæðisins á Íslandi og hvernig tengjast þær ferðamöguleikum til og frá vinnu?**
 - Hvaða fræðilegu viðmið henta til að meta mikilvægi búsetuóska og ferðamátavals við ákvörðun um að flytja til þéttbýlisstaða í útjaðri borgarsvæða á norðlægum slóðum?
 - Hvernig skipta búsetuóskir og viðhorf til vinnuferða máli meðal nýaðfluttra íbúa Selfoss?
- Nýaðfluttir íbúar Selfoss: Íbúar sem fluttu á Selfoss frá höfuðborgarsvæðinu á árunum 2020-2024 skv. gögnum úr Þjóðskrá

Tafla 3. Tegund upplýsinga sem þarf að afla og aðferð til að afla upplýsinganna fyrir hvora undirannsóknarspurningu.


Undirannsóknar- spurning	Tegund upplýsinga sem þarf að afla	Aðferð til að afla upplýsinganna
1	Fræðileg viðmið um búsetuóskir og val á ferðamáta skilgreind samkvæmt rannsóknum í Norður-Evrópu, t.d. á Íslandi, á Norðurlöndum og í Hollandi, en þar eru aðstæður svipaðar og á Íslandi hvað varðar veðurfar, söguleg og menningarleg gildi og hnattstöðu.	Heimildavinna. Lykilheimildir Booí og Boterman (2020), Hasanzadeh (2019), Jansen (2020), Næss og fleiri (2019), Næss og fleiri (2021), Þóroddur Bjarnason (2022).
2	Upplýsingar um ástæður flutnings til Selfoss frá höfuðborgarsvæðinu, núverandi og fyrri húsnæðis- aðstæður, helsti kosturinn við Selfoss, búsetuánægja, bakgrunnsupplýsingar, ferðir til og frá vinnu, val á ferðamáta og ferðir í öðrum tilgangi.	Spurningakönnun til nýaðfluttra íbúa Selfoss og viðtöl við valda íbúa til frekari skýringa á svörum.

5 Niðurstöður


- 48 svör á 10 dögum, svarhlutfall 22%
- Góð dreifing í svörum milli ólíkra hópa hvað varðar aldur, kyn, menntun, tekjur, starf og lengd búsetu




Mynd 30. Fólk sem flutti á Selfoss hefur í miklum mæli skipt úr fjölbýli í sérbýli.



Mynd 29. Stærra og/eða betra húsnaði fyrir lægra verð en á höfuðborgarsvæðinu var mikilvæg ástæða flutnings fyrir flesta nýaðflutta íbúa Selfoss.




Mynd 32. Öryggi og ró í nærumhverfi voru mikilvægir þættir við ákvörðun margra um að flytja á Selfoss.




Mynd 33. Það skipti nýaðflutta íbúa miklu máli að hafa einkagarð og vera í nálægð við náttúru og græn svæði við ákvörðun um flutning.




5 Niðurstöður



Mynd 11. Þeir sem sækja vinnu á höfuðborgarsvæðið sækja flestir vinnu í miðkjarna Reykjavíkur, það er á helsta atvinnusvæði borgarinnar, en þeir sem sækja ekki vinnu eða skóla á höfuðborgarsvæðið vinna flestir á Selfossi.



Mynd 25. Helstu hvatar til notkunar almenningssamgangna í stað einkabíls. Tíðni og ferðatími skipta mestu máli.



Mynd 20. Nær allir svarið sækja vinnu eða skóla sem bílstjórar á einkabíl en enginn fer með almenningssamgöngum.



5 Niðurstöður



Mynd 36. Helsti kosturinn við Selfoss að mati nýaðfluttra íbúa Selfoss frá höfuðborgarsvæðinu var helst rólegra umhverfi, minni umferð og nálægð við fjölskyldu samkvæmt svörum við opinni spurningu í könnun. Stærð hvers atriðis endurspeglar fjölda svara.

- Gott þjónustuframboð á Selfossi – þurfa sjaldan að sækja þjónustu til höfuðborgarsvæðisins
- Stutt í náttúruna allt í kring – fjöldi útivistarsvæða
- Góðir vegir, sterk bílmenning og „allir fara allt á bílnum“
- Strætó óhagkvæmur kostur – fáar ferðir, lengi á leiðinni og dýr, lélegur aðbúnaður



Mynd 37. Íbúar myndu íhuga að flytja aftur á höfuðborgarsvæðið vegna vinnu eða fjölskylduaðstæðna, en sumir vilja það alls ekki samkvæmt svörum við opinni spurningu úr könnun. Stærð hvers atriðis endurspeglar fjölda svara.

- Ungt fjölskyldufólk með börn og hund í sérbyli með garði
- Eldri hjón nær fjölskyldu og börnum/barnabörnum
- Hröð uppbygging jákvæð
- Selfoss rólegur og friðsæll bær – almennt lítil umferð
- Umferðarteppa við Ölfusárbrú



6 Umræður

- Húsnæðiskostnaður og búsetugæði
 - Hagstæðara húsnæði á Selfossi en býðst á höfuðborgarsvæðinu
 - → **Þétting byggðar þarf að taka meira tillit til fjölbreyttra húsnæðisþarfa**
- Almenningsamgöngur, notkun einkabílsins og umferð
 - Einkabíllinn ríkjandi fararmáti því almenningssamgöngur eru óraunhæfur valkostur til daglegra ferða
 - → **Efla þarf almenningssamgöngur verulega og gera þær samanburðarhæfar við einkabílinn**
- Sérhæfing, fjarvinna og aukinn sveigjanleiki
 - Sérhæfð störf bundin við höfuðborgarsvæðið svo íbúar setta við lengri ferðatíma á einkabíl til að uppfylla búsetuóskir
 - → **Skipulag þarf að taka mið af breyttum vinnuháttum með aukinni fjarvinnu, t.d. sameiginleg skrifstofurými**
- Fjölskyldulíf og daglegt skipulag
 - Barnafjölskyldur kjósa Selfoss því þar er daglegt líf einfalt en spurning hvort bílaskipulag rýri gæði nærumhverfis
 - Konur vinna frekar nær heimilum og nota bílinn til að ferðast stuttar vegalengdir á milli staða
 - → **Skipulag fjölskyldulífs, kynjahlutverk og samspil atvinnu og samgangna móta búsetuóskir í verulegum mæli**
- Skipulag, samgöngur og framtíðarsýn
 - → **Skipulag þarf að taka mið af breyttum búsetumynstrum og hvötum sem liggja að baki ákvörðun um flutning**



7 Lokaorð

Að hvaða marki hafa búsetuóskir áhrif á flutninga til þéttbýlisstaða í jaðri vinnusóknarsvæðis höfuðborgarsvæðisins á Íslandi og hvernig tengjast þær ferðamöguleikum til og frá vinnu?

Búsetuóskir hafa veruleg áhrif á flutninga til þéttbýlisstaða í jaðri vinnusóknarsvæðis höfuðborgarsvæðisins á Íslandi. Ferðamöguleikar skipta einnig máli en eru að mestu takmarkaðir við einkabílinn.

- Mikilvægt er að samræma og koma á viðtækari stefnumótun, þar sem hugsað er um búsetu og samgöngur sem samverkandi heild til að styðja við sjálfbæra þróun
- Takmarkanir tengjast tímaramma og stærð úrtaks
- Frekari rannsóknir m.a. yfir lengri tíma, samanburð við aðra þéttbýlisstaði og hvers vegna fáir nýta sér almenningsamgöngur í daglegum vinnuferðum
- Niðurstöðurnar veita góða mynd af stöðunni á Selfossi og geta nýst skipulagsyfirvöldum á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðinni

MS – ritgerð

Maí 2025

Búsetuóskir og val á ferðamáta

Ákvörðun um flutning til þéttbýlisstaða í jaðri
vinnusóknarsvæðis höfuðborgarsvæðisins í tilviki
Selfoss

Margrét Þóra Sæmundsdóttir

Af hverju flytur fólk af höfuðborgarsvæðinu?

Margrét Þóra Sæmundsdóttir varði meistararitgerð sína í skipulagsfræði við Landbúnaðarháskóla Íslands á dögunum og sagði okkur af henni.

Vísir

FRÉTTIR VIDSKIPTI SPORT LÍFID SKODUN INNHERJI FASTEIGNIR ATVINNA VIÐBURDIR

INNLENT

Fólk flytur á landsbyggðina fyrir ódýrara húsnaði og rólegra umhverfi

Magnús Jochum Pálsson skrifar · 28. maí 2025 11:15



SKODUN



Ósk um sérbýli, garð og rólegt umhverfi dregur fólk frá höfuðborgarsvæðinu

Margrét Þóra Sæmundsdóttir skrifar · 6. júní 2025 13:01

Viðfangsefni nýrrar meistararitgerðar í skipulagsfræði frá Landbúnaðarháskóla Íslands kannar hvers vegna fólk ákveður að flytja frá höfuðborgarsvæðinu til nálægra þéttbýlisstaða innan vinnusóknarsvæðis þess og hvaða þættir tengdir búsetuókum og vali á ferðamáta skipta mestu máli við þá ákvörðun. Rannsóknin beindist að Selfossi sem tilvák rannsóknarinnar, en bærinn hefur vaxið ört á undanförunum árum.

Af hverju er viðfangsefnið mikilvægt fyrir skipulagsmál á Íslandi?

Greinar í kjölfarið af ritgerðarskilum